

Nd.

8. Frumvarp til laga

[8. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds skulu á árinu 1980 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt og auk þess á bönkum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1979 á þeirri fasteign, sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að fráregnu afgangsskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1979.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1980 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1979. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1980 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. grein. Skattinn skal leggja á í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt sem ekki nær 100 000 kr. skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum og eignum við ákvörðun tekju- og eignarskatts skattársins 1979.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 112/1978 var lagður sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu 1979. Lög þessi eru tímabundin og falla úr gildi í árslok 1979. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Þess vegna er frumvarp þetta lagt fram en það er efnislega nær óbreytt frá lögum nr. 112/1978. Nokkrar orðalagsbreytingar hafa þó verið gerðar með því markmiði að gera ákvæðin skýrari.

Samkvæmt skattskrá árið 1979 nam álagning skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði 1 030 m. kr. Áætlað er að álagning þessa skatts, verði frumvarp þetta að lögum, nemi um 1 500 m. kr. á árinu 1980.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

2. mgr. 4. gr. laga nr. 112/1978 hafði að geyma sömu efnisreglur og þessi grein að öðru leyti en því, að þar var kveðið á um að væri 75% af rúmmáli fasteignar eða meira nýtt til annars en verslunarrekstrar eða til skrifstofuhalds skyldi verðmæti hennar undanþegið sérstökum eignarskatti. Í framkvæmd leiddi þetta ákvæði t. d. til þess að verulega stórt skrifstofuhúsnæði gat verið undanþegið skattinum þar sem 75% eða meira af rúmmáli þess var engu að síður notað á annan hátt. Í ljósi þessa er því lagt til að sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skuli við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignar hlutfallslega, og að sá hluti húsnæðis sem nýttur er til verslunarrekstrar eða skrifstofuhalds verði í öllum tilvikum skattskyldur. Til að vega á móti aukinni skattbyrði, sem leiðir af þessari breytingu, er lagt til að skattfrelismörk verði verulega rýmri, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 5.—10. gr.

Parfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að skv. 8. gr. er lagt til að skattur samkvæmt frumvarpi þessu verði frádráttarbær frá tekjum og eignum við ákvörðun tekju- og eignarskatts skattársins 1979, og er hér um að ræða breytingu frá fyrri heimildum.